



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands,

sbr. samþ. háskólaráðs frá 7. desember 2006 og
13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Bls.: 1 af 2

Ábm. JAB/MDB
Samþ. í háskólaráði
6. júní 2007
Endursk. 7. febrúar 2013
Málsnúmer: HÍ13020024

1. Inngangur

Árið 2006 fól háskólaráð gæðanefnd að semja tillögur um fyrirkomulag akademískra gestastarfa við Háskóla Íslands. Tillögur nefndarinnar voru kynntar og ræddar í háskólaráði og á háskólafundi og formlega samþykktar á fundi háskólaráðs 7. desember 2006. Jafnframt fól ráðið gæðanefnd að semja verklagsreglur sem kveði m.a. á um þær faglegu kröfur sem gerðar eru til einstaklinga sem gegna akademískum gestastörfum við Háskóla Íslands og hvernig skuli staðið að matinu.

2. Verklagsreglur

2.1 Faglegar kröfur

Forseta fræðasviðs er heimilt, í umboði rektors, að bjóða völdum einstaklingi að gegna akademísku gestastarfi við deild. Þeir einstaklingar sem valdir eru skulu ótvírætt uppfylla sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir innan Háskóla Íslands.

2.2 Hæfismat

Háskóladeildir sem með samþykki forseta fræðasviðs hyggjast bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum skulu ganga úr skugga um að þeir uppfylli ótvírætt lágmarkskröfur um hæfi sem gerðar eru til þeirra sem hafa samsvarandi starfsheiti innan Háskóla Íslands. Komist deildirnar að þeirri niðurstöðu að svo sé skulu þær senda niðurstöðu sína ásamt ferilskrá viðkomandi einstaklinga og stuttum skriflegum rökstuðningi, þar sem m.a. komi fram hvaða störfum þeir muni gegna, til gæðanefndar háskólaráðs. Gæðanefnd aflar umsagnar vísinda- og nýsköpunarsviðs um akademískt hæfi viðkomandi einstaklinga og tekur, í umboði rektors, endanlega afstöðu til starfsveitingarinnar.

2.3 Fjöldi

Fjöldi þeirra sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma skal ekki vera meiri en sem nemur 20% af heildarfjölda fastra kennara í viðkomandi deild. Gæðanefnd heldur skrá yfir þá sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma.

2.4 Leiðbeining í rannsóknatengdu framhaldsnámi

Akademísk gestastörf fela í sér að viðkomandi einstaklingar séu viðurkenndir leiðbeinendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi innan viðkomandi deilda, enda uppfylli þeir þær kröfur sem Háskóli Íslands gerir að þessu leyti.

2.5 Réttur til setu á deildarfundum og fundum stjórna námsbrauta

Akademískir gestakennarar eiga rétt til setu á deildarfundum og fundum stjórna námsbrauta í viðkomandi deildum, sbr. 17. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands,

sbr. samþ. háskólaráðs frá 7. desember 2006 og
13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Bls.: 2 af 2

Ábm. JAB/MDB
Samþ. í háskólaráði
6. júní 2007
Endursk. 7. febrúar 2013
Málsnúmer: HÍ13020024

2.6 Samningur

Gera skal skriflegan samning um hvert akademískt gestastarf þar sem m.a. er kveðið á um gildistíma, gildissvið, fjárhagsleg samskipti, réttindi og skyldur hvors samningsaðila, eðli og inntak samstarfsins, s.s. hvort og að hvaða leyti það taki til rannsókna, kennslu og leiðbeiningar á grunn- og framhaldsstigi, setu í framhaldsnámsnefndum, stjórnun, birtingu vísindagreina í nafni beggja samningsaðila og kynningarmál, eftir því sem við á hverju sinni. Að jafnaði skal sú stofnun eða fyrirtæki sem viðkomandi gestakennari starfar hjá eiga aðild að samningnum. Formaður gæðanefndar, forseti viðkomandi fræðasviðs og deildarforseti undirrita samninginn fyrir hönd Háskóla Íslands í umboði rektors. Viðkomandi fræðasviði ber að sjá til þess að samningar um akademísk gestastörf séu varðveittir í skjalasafni Háskóla Íslands.

2.7 Gildistími

Öll akademísk gestastörf skulu vera tímabundin og að hámarki til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal metið hvort bjóða eigi gestastarfið að nýju og skal þá gera um það nýjan samning. Verði á gildistíma samnings um akademískt gestastarf breyting á forsendum samningsins, t.d. með því að gestakennarinn taki við föstu akademísku starfi við Háskóla Íslands, skal endurskoða samninginn eða fella hann úr gildi.

2.8 Fjármál

Akademísk gestastörf eru ekki launuð nema kveðið sé á um annað í samningi, sbr. lið 2.6 og 2.10.

2.9 Starfsheiti

Íslensk heiti akademísku gestastarfanna eru gestalektor, gestadósent og gestaprófessor. Samsvarandi ensk þýðing á heitunum er Adjunct Assistant Professor, Adjunct Associate Professor og Adjunct Professor. Heimilt er með samþykki rektors að nota önnur heiti, svo sem rannsóknaprófessor, rannsóknadósent og rannsóknalektor, ef um er að ræða viðamikla samstarfssamninga um kennslu og rannsóknir með þátttöku fleiri en einnar deildar.

2.10 Sérstök launuð störf akademískra gestaprófessora með 20% starfshlutfall

Unnt er að ráða viðurkennda vísindamenn í sérstök störf akademískra gestaprófessora með 20% starfshlutfall.

2.11 Siðareglur

Siðareglur Háskóla Íslands gilda um þá sem gegna akademískum gestastörfum.